



## Fréttatilkynning

Reykjavík, Ísland, Basel, Sviss,  
í mars 2021

**Samlag um landsaðgang að rafrænum áskriftum  
hefur samið við Karger útgáfuna um opinn aðgang  
að vísindatímaritum fyrir alla landsmenn**

### Samningurinn markar tímamót og er sá fyrsti sinnar gerðar á Íslandi

Samningurinn tryggir landsaðgang að öllum rafrænum tímaritum Karger frá og með 1998. Vísindamenn á Íslandi geta birt vísindagreinar í tímaritum Karger í opnum aðgangi án þess að greiða birtingargjöld og er fjöldi greina til birtingar ótakmarkaður.

Karger hefur unnið að því að breyta útgáfu vísindatímarita sinna frá því að vera aðeins aðgengileg áskrifendum yfir í að vera öllum aðgengileg í opnum aðgangi. Um leið leggur Karger áherslu á að bæta þjónustu sem tengist opnum aðgangi.

Í samningnum felst einnig aðgangur fyrir alla landsmenn að KargerLearn, sem er kennsluvefur með 15 netnámskeiðum sem fjalla um hagnýtt atriði tengdu ritunarferli vísinda- og fræðigreina og birtingum í vísindatímaritum. Námskeiðin eru ahlíða og nýtast einstaklingum á öllum fræðasviðum.

### Samningurinn gildir 2021-2023

„Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn styður breytingu á útgáfu vísindaefnis í opinn aðgang. Það er fagnaðarefni að tekist hefur samningur af þessu tagi á milli Landsaðgangs að rafrænum áskriftum og Karger, sem er fyrsti sinnar gerðar á Íslandi. Samningurinn er mikilvægur áfangi í átt að markmiðum um opin vísindi og tryggir áframhaldandi aðgang að efni útgefandans á landsvísu. Vonandi verða fleiri samningar um opinn aðgang gerðir í náinni framtíð. Landsaðgangur að rafrænum áskriftum er mikilvægur hluti af íslenskum rannsóknarinnviðum og framtíð útgáfu á vísindaefni er í opnum aðgangi“. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður.

„Samningurinn við Landsaðgang að rafrænum áskriftum, er mikilvægt skref í átt til þess að auka vægi opins aðgangs. Hjá Karger er stöðugt unnið að þróun í átt til opins aðgangs að efni útgáfunnar og stefnt er að því að gera samninga við fleiri samlög á árinu“. Daniel Ebnetter, forstjóri Karger.

### Um Landsaðgang að rafrænum áskriftum

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum hófst árið 1999, þegar gerður var samningur fyrir Ísland um aðgang að alfræðiritinu Encyclopaedia Britannica. Allir landsmenn hafa aðgang að áskriftum í landsaðgangi um íslenskar IP-tölur og netveitur. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningubókasöfn, bókasöfn framhaldsskóla, íslenskir háskólar, bókasöfn heilbrigðisstofnana, ráðuneyti, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, opinber hlutafélög, fyrirtæki o.fl. Einnig er greitt til Landsaðgangsins með framlögum á fjárlögum.

Frekari upplýsingar eru á **Landsaðgangur að rafrænum áskriftum**

### Um útgefandann Karger

Karger gefur út tímarit og bækur á sviði heilbrigðisvísinda og eru höfuðstöðvar útgáfunnar í Basel í Sviss. Karger er sjálfstætt og óháð fjölskyldufyrirtæki og er útgáfan í höndum fjórðu kynslóðar. Allt frá stofnun Karger 1890, hefur útgáfan leitast við að þróast í takt við kröfur hvers tíma. Karger helgar sig því að mæta upplýsingaþörfum vísindasamfélagsins, þörfum klínískra starfstétta og sjúklinga með útgáfu á hágæða efni og miðlunar vísindabekkingar og þjónustu á heimsvísu. Hjá Karger starfa 240 manns og útgefandinn hefur skrifstofur í 15 löndum. Framkvæmdastjóri Karger er Gabriella Karger.

Frekari upplýsingar eru á **karger.com**

### Fyrir fjölmiðla:

Birgir Björnsson · Umsjónarmaður Landsaðgangs · Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn  
Sími 525 5711 · birgir.bjornsson@landsbokasafn.is

Cora Wirtz-Spycher · Corporate Communications Lead · Karger Publishers  
+41 61 306 1271 · c.wirtz@karger.com · karger.com/Media-Relations